

Menningarstefna Ísafjarðarbæjar 2022–2032



Ísafjarðarbær stendur á sterkum grunni menningarstarfs og -hefða

Inngangur

Menningarstefna Ísafjarðarbæjar lýsir aðkomu sveitarfélagsins að málefnum lista og menningar. Stefnunni er ætlað að nýtast yfirvöldum við frekari umræðu og ákvarðanatöku.

Menningarlíf Ísafjarðarbæjar samanstendur af samspili menningarstarfsemi sem rekin er af sveitarfélaginu, starfsemi sem nýtur stuðnings sveitarfélagsins að hluta og sjálfstæðrar menningarstarfsemi.

Í fámennari samfélögum skiptir hver einstaklingur máli og fær því auðveldlega tækifæri og stuðning til að framkvæma hugmyndir sínar. Í þessu felst sérstaða svæðisins.

Sveitarfélagið er þekkt fyrir öflugt og fjölbreytt menningarlíf og hafa menningarhátíðir og gróskumikið starf listaskóla sett sterkan svip á samfélagið. Starfsemi leikfélaga, kóra og annarra frjálsra félagasamtaka hafa einnig leikið veigamikið hlutverk í menningarlífi svæðisins. Þéttbýliskjarnar Ísafjarðarbæjar hafa verið fjölmenningsamfélög svo áratugum, jafnvel öldum, skiptir og hefur það haft mikil áhrif á mótun menningarvitundar íbúa.

„Mikilvægt er að Ísafjarðarbær haldi sínum sessi sem menningarbær. Það gefur sveitarfélaginu jákvæða ímynd og getur haft veruleg áhrif á val einstaklinga um búsetu sem og líðan þeirra sem hér búa. Öflugt menningarstarf hefur einnig jákvæð áhrif á atvinnulíf og eru tónlistar- og leiklistarhátíðir, sem hér eru haldnar, gott dæmi um það. Í Ísafjarðarbæ er fjölmenningslegt samfélag og ber að endurspeglja það í menningarstarfsemi bæjarins.“

Úr Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar



” Allir íbúar fáa að njóta menningar og lista “

Leiðarljós

Ísafjarðarbær vaxi sem framúrskarandi menningarsamfélag sem vekur athygli fyrir öflugt lista- og menningarlíf.

Ísafjarðarbær verði ávallt eftirsóknarverður staður til búsetu og áhugaverður áfangastaður.

Ísafjarðarbær styðji og hvetji til þátttöku íbúa í menningarlífinu.

Menningin sameini íbúa Ísafjarðarbæjar.



Menningarrými

<u>Edinborgarhúsið</u>	<u>Safnahúsið</u>
<u>Hamrar</u>	<u>Alþýðuhús Ísfirðinga</u>
<u>Neðstikaupstaður</u>	<u>Félagsheimilið í Hnífsdal</u>
<u>Félagsheimilið á Suðureyri</u>	<u>Félagsheimilið á Flateyri</u>
<u>Félagsheimilið á Þingeyri</u>	<u>Blábankinn</u>

Sérverkefni

<u>Bæjarlistamaður</u>	<u>Útilistaverk</u>
<u>Heiðursborgari</u>	<u>FabLab</u>

Rekstrarsamningar

<u>Kómedíuleikhúsið</u>	<u>Vestfjarðastofa vegna menningarmála</u>
-------------------------	--

Sjóðir og styrkir

<u>Menningarstyrkir</u>
<u>Fasteignagjaldstyrkir til félagasamtaka</u>

Menning í Ísafjarðarbæ

Tónlistarstarf

<u>Tónlistarskóli Ísafjarðar</u>	<u>Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar</u>
----------------------------------	---

Menningarstofnanir Ísafjarðarbæjar

<u>Byggðasafn Vestfjarða</u>	<u>Ljósmyndasafnið Ísafirði</u>
<u>Bókasafnið Ísafirði</u>	<u>Listasafn Ísafjarðar</u>
<u>Héraðsskjalasafnið Ísafirði</u>	

Hátíðir og viðburðir

Hátíðir Ísafjarðarbæjar	
<u>Skíðavikan</u>	<u>Veturnætur</u>
<u>17. júní</u>	<u>Jólatendranir</u>
Samstarfshátíðir	
<u>Aldrei fór ég suður</u>	<u>Hlaupahátíð Þingeyri</u>
<u>Act Alone</u>	<u>Stútungur</u>



1. Allir íbúar fái að njóta menningar og lista

- 1.1. Menningarlífið standi öllum opið þannig að allir hafi jafnt aðgengi og geti tekið þátt í því á eigin forsendum á öllum æviskeiðum.
- 1.2. Listir og menning verði sýnileg og aðgengileg í öllum byggðarkjörnum Ísafjarðarbæjar.
- 1.3. Ísafjarðarbær leggi sérstaka áherslu á menningu barna og ungmenna.
- 1.4. Ísafjarðarbær sjái til þess að greiður aðgangur sé að upplýsingum um tækifæri og stuðning í menningu og listum.
- 1.5. Áhersla verði lögð á að styðja við þátttöku viðkvæmra og jaðarsettra hópa og að ná til fólks með ólíkan menningarbakgrunn.

2. Söfn, menningarhús og menningarstofnanir

- 2.1. Söfn og menningarstofnanir Ísafjarðarbæjar skulu vera mikilvægur hluti af daglegu lífi íbúa og veigamikill þáttur í upplifun gesta.
- 2.2. Ísafjarðarbær styðji áframhaldandi uppbyggingu og starfsemi í menningarhúsunum þremur; Edinborgarhúsinu, Hömrum og Safnahúsinu.
- 2.3. Ísafjarðarbær varðveiti áþreifanleg og óáþreifanleg menningarverðmæti menningarstofnana sveitarfélagsins til framtíðar.
- 2.4. Lista- og menningarstarfsemi í Ísafjarðarbæ verði eflað með auknu samstarfi menningarstofnana, aðila sem starfa innan menningar, fræðslustofnana, skapandi einstaklinga og annarra aðila.
- 2.5. Menningarstofnanir Ísafjarðarbæjar móti sér hver sína stefnu og hafi menningarstefnu Ísafjarðarbæjar að leiðarljósi. Ísafjarðarbær hvetji einnig sjálfstæðar menningarstofnanir innan sveitarfélagsins til þess að marka sér stefnu.



3. Frjótt umhverfi fyrir listir og skapandi greinar

- 3.1. Ísafjarðarbær skal eiga í virku samtali við íbúa um listir og menningu.
- 3.2. Ísafjarðarbær styðji við faglegt umhverfi lista með því að styrkja aðstöðu listamanna og skapandi framleiðenda.
- 3.3. Menning, listir og skapandi greinar verði stærri hluti af atvinnulífi Ísafjarðarbæjar.
- 3.4. Ísafjarðarbær styrki tengsl sín við menningarlíf í öðrum landshlutum og hið alþjóðlega listaumhverfi.

4. Grænar áherslur og umhverfi

- 4.1. Í rekstri menningarstofnana og viðburðahaldi verði umhverfissjónarmið höfð að leiðarljósi.
- 4.2. Ísafjarðarbær leggi áherslu á merkingu sögustaða og gönguleiða sem hafa að geyma sögusvæði og menningarminjar.
- 4.3. Skapa skal rými fyrir menningu og listir við uppbyggingu grænna svæða, almenningsgarða og útivistarsvæða.



ÍSAFJARÐARBÆR

Útgefandi: Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar

Ábyrgðarmaður: Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri

Meningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar: Ásgerður Þorleifsdóttir formaður,

Inga María Guðmundsdóttir og Kristján Þór Kristjánsson

Stýrihópur: Ásgerður Þorleifsdóttir, Bryndís Ósk Jónsdóttir og Tinna Ólafsdóttir

Verkefnastjóri stefnumótunar og ritstjórn: Vestfjarðastofa/Skúli Gautason